

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

5. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 28. apríl 1992. og hófst hann kl. 15:00.

Mættir voru: Kári, Halldór, Sigfús, Jón, Guðmundur, Marteinn, Águst, Sigbjörn, Kristmundur og Sigurður framkvæmdastjóri.

Gestir fundarins voru: Sigurður Ragnarsson og Þorgeir Guðlaugsson frá FEIF og Magnús Ólafsson og Helgi Helgason frá aðildarfélögum FM '92.

1. Formaður Kári Arnórsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann fjallaði í upphafi um málefni Reiðhallarinnar og kom fram að reksturinn s.l. ár gekk vel. Í umræðu er nú að Reykjavíkurborg og Ríkissjóður leysi húsið til sín, þ.e. kaupi betta hús.
2. Fréttir frá FEIF. Sigurður Ragnarsson er fulltrúi Íslands í stjórn FEIF. Hann rakti í stuttu máli bróun þá sem orðið hefur í málefnum þessa félagsskapar, bar má nefna kynningarstarf, útgáfumál og gott unglingsstarf. Á komandi sumri verða unglingabúðir á Íslandi sem eru haldnar á vegum FEIF. Þær standa í um það bil viku. FEIF eru Evrópusamtök eigenda íslenskra hesta og er mikil sjálfboðavinna unnin. Samtökin eru að stækka þ.e. fleiri lönd bætast í hópinn. Íslenskir aðilar að FEIF eru L.H. og Búnaðarfélag Íslands.
FEIF hefur og er að vinna mjög gott starf í Evrópu til kynningar á íslenska hestinum. Þetta er mjög mikilvægt með útflutning hrossa í huga.
Ásamt Sigurði kynnti Þorgeir Guðlaugsson upplýsingafulltrúi FEIF málefni FEIF. Kom hann víða við. Hann nefndi að tvær fastanefndir starfa á vegum FEIF þ.e. íþróttanefnd og kynbótanefnd. Sigurður Sæmundsson er fulltrúi Íslands í íþróttanefndinni, en við höfum ekki fulltrúa í kynbótnefndinni. Fram kom í þessari umræðu að 280 hestamannafélög eru starfandi í 16 löndum sem eiga aðild að FEIF. Formaður þakkaði þeim Sigurði og Þorgeir komuna á fundinn og fyrir þær upplýsingar sem komu fram í máli þeirra.
3. Fjórðungsmót á Kaldármelum 1992. Helgi Helgason úr stjórn framkvæmdaneftir og framkvæmdastjóri mótsins Magnús Ólafsson voru gestir fundarins. Þeir Helgi og Magnús gáfu greinargóða lýsingu á undirbúningi og tilhögun mótsins. Kom fram í máli þeirra að allur undirbúningur hefur gengið vel, móttssvæðið kemur vel undan vetri o.s.frv.

9 félög standa að mótinu, 5 af Vesturlandi og 4 af Vestfjörðum og á hvert félag einn mann í framkvæmdaneftndinni. Formaður þakkaði þeim félögum komuna og minnti í leiðinni á að Fjórðungsmótið þyrfti að skila skýrslu til stjórnar L.H. að mótinu loknu.

4. Samstarf við HÍS. Á fundi stjórnar L.H. hinn 3. mars s.l. var lagt fram bréf HÍS, þar sem greint var frá samþykkt sem gerð var á 2. ársþingi HÍS svohljóðandi: "2. ársþing HÍS haldið að Húnavöllum 9. nóv. 1991 beinir þeim tilmálum til stjórnar HÍS að stjórnin leiti eftir viðræðum við stjórn L.H. um hugsanlegan samruna samtakanna". Í framhaldi af þessu ákvað stjórn L.H. að setja nefnd í að skoða þetta mál frekar. Nefndina skipuðu Guðmundur, Sigfús og Kristmundur. Nefndin lagði fram skriflega greinar-gerð um málið og vísast hér til hennar til frekari upp-lýsinga. Fundurinn lýsti yfir ánægju með niðurstöður nefndarinnar og telur eðlilegt að L.H. styrki og styðji HÍS eins og kostur er. Til viðræðna um málið þ.e. meðal annars áðurnefnda tillögu tilnefnir fundurinn Kára og Kristmund frá stjórn L.H.

5. Störf reiðveganeftndar. Í nefndinni eru Sigfús Guðmundsson formaður, Högni Bæringsson og Marteinn Valdimarsson. Nefndin gerir eftirfarandi tillögu að úthlutun reiðvega-fjár á árinu 1992:

Hestamannafélagið Blakkur	Kr:	200.000.-
" Dreyri	"	500.000.-
" Taxi	"	500.000.-
" Glaður	"	400.000.-
" Kinnskær	"	200.000.-
" Snæfellingur	"	600.000.-
" Stormur	"	450.000.-
" Hending	"	450.000.-
" Skuggi	"	300.000.-
Samstarfsnefnd hestamannafél.		
Kjalarnesþingi v. Flóttamannav. og		
reiðl. til Skógarhóla	"	2.000.000.-
Sleipnir og Smári v. Þjórsárbakka.	"	400.000.-
Alls úthlutað	Kr.	6.000.000.-

Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og var tillagan samþykkt samhljóða eftir töluverðar umræður.

Eftirfarandi kom fram í greinargerð með úthlutunartillöggunni: Þeirri meginreglu var framfylgt að féð fari að stórum hluta á Vesturland þar sem FM verður haldið sumarið 1992. Nefndin skoðaði sérstaklega umsókn frá hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og náðu samkomulagi um að veita verulega upphæð til reiðvegagerðar með Flóttamannavegi og Skógarhóla-leið þar sem þörfin var mikil og verkefnið sérstakt.

Ljóst er að þörfin fyrir fé til reiðvegagerðar vítt og breitt um landið er gífurleg og tíföld sú upphæð sem til ráðstöfunar var nægði skammt.

Í lok umræðna um reiðvegafjárúthlutun almennt, ákvað fundurinn að taka þetta málefni upp á fundi stjórnar síðar á árinu og gera tillögu sem lögð yrði fyrir næsta L.H. þing um hvernig heppilegt sé að stjórn L.H. standi að úthlutun reiðvegafjár ár hvert.

Eftirfarandi er sérstök bókun frá Marteini Valdimarssyni:

"Með tilliti til þeirrar úthlutunar reiðvegafjár og samp. hefur verið samhljóða óska ég eftir því að stjórn L.H. verði minnug þeirrar afstöðu sem fulltrúar hestamannafélaga af Vesturlandi tóku er þeir samp. að 40% fjársins verði veitt til félaga utan Vesturlands og að félögin á Vesturlandi njóti þessarar afstöðu á næstu árum ef brýn þörf ber til".

6. Reiðvegaáætlun, upplýsingaöflun og störf ferða- og umhverfisnefndar.

Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H. skýrði frá viðbrögðum félaganna vegna upplýsingaöflunar um þessi mál sem stjórnin óskaði eftir. Kom fram hjá Sigurði að félögin ætluðu sýnilega að bregðast vel við og sum hefðu þegar skilað inn gögnum.

7. Önnur mál.

Formaður skýrði frá því að búið væri að halda einn svæðisfund. Hann var haldinn á Húsavík. Þær mættu hestamenn frá Grana, Þjálfa og Feyki.

Svæðisfundur á Akureyri er fyrirhugaður á næstunni og einnig á Austurlandi.

Formaður gat um að dómaranámskeið hefði verið haldið í Borgarnesi 4.-6. apríl s.l. og stóðust 8 af 12 sem þreyttu prófið.

Formaður las bréf frá eftirtöldum hestamannafélögum sem sækja um styrki til áningaráhólfa:

Bréf frá Svaða	kr. 60.000.-
" " Sleipni	" 50.000.-
" " hestamannafél. vestan	
Hellisheiðar, reiðveganefndar í	
Kjalarnesþingi hinu forna og	
Skógarhólanefndar L.H.	" 50.000.-

Fundurinn samþykkir kr. 50.000 til hvers ofannefnds aðila.

Umræða varð um störf gæðinga og unglingsanefndar L.H. m.a. var rætt um hvort nefndin ætti að hafa afskipti af málefnum æskulýðsfulltrúa, þ.e. verkefni á hans vegum o.fl.

Kári gat þess að formanni L.H. var boðið í afmælishóf Fáks 24. apríl s.l. en þá varð Fákur 70 ára. Kári færði féluginu að gjöf frá L.H. ritið Hestinn okkar innbundið í skinn. Þetta var ritið allt frá upphafi til 1989.

Formaður gerði grein fyrir bréfum sem borist höfðu til L.H. frá Búnaðarfélagi Íslands. Þetta voru m.a. samþykktir frá Búnaðarþingi 1992.

Formaður gerði grein fyrir tilnefningu fulltrúa L.H. í hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands en honum hafði verið falið það á 4. stjórnarfundi L.H.

Stjórnin tilnefnir:

Skúla Kristjónsson, Svignaskarði, Guðmund Sigurðsson,
Hvanneyri og til vara:

Sigbjörn Björnsson, Lundum og Brynjólf Sæmundsson, Hólmavík.

Fleira vær rætt en ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Jón Bergsson
Marteinn Valdimarsson

Kári Arnórsson
Sigbjörn Björnsson
Guðmundur Jónsson
Águst Oddsson

Ath.

Næsti stjórnarfundur L.H. var ákveðinn þriðjudaginn 9. júní n.k. og hefst hann kl. 15:00 í Bændahöllinni.